

Alþingi
Erindi nr. P 127/153
komudagur 20.11.2001



SKÓGRÆKT
RIKISINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Egilsstöðum, 19. 11. 2001

Efni: Umsögn Skógræktar ríkisins um frumvarp til breytingar á náttúruverndarlögum, 159. mál.

Fyrir hönd Skógræktar ríkisins geri ég ekki athugasemdir við þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um náttúruvernd.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins er eftirfarandi setning í umfjöllun um 4. gr.: “Á umhverfisþingi væri því hægt að taka til umræðu mál tengd sjálfbærri þróun í íslensku samfélagi, áætlun um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og landsáætlanir um landgræðslu og skógrækt svo dæmi séu tekin.” Okkur skógræktarmönnum er mikill heiður sýndur með því að nefna skógrækt sérstaklega til sögunnar umfram t.d. aðra þætti í landnýtingu sem hafa mun meiri áhrif á umhverfið s.s. sauðfjárrækt og hrossarækt, hvað þá atriði sem hafa enn meiri áhrif s.s. stjórnun fiskveiða.

Þar sem umfjöllun sú er fylgir lagafrumvörpum öðlast við túlkun laganna allt að því lagalegt gildi má gera ráð fyrir að umhverfisþing telji sér skylt að fjalla um þau atriði sem sérstaklega eru talin þar upp. Óþarft er að binda hendur umhverfisþings á þennan hátt og því er lagt til að ofangreind setning verði felld út úr athugasemdum.

F.h. Skógræktar ríkisins

Þróstur Eysteinnsson
fagmálastjóri